

27.06.2023

Minnisblað

Efni: Fjármagn til uppbyggingar á Balanum, Stöðvarfirði verði tryggt í fjárhagsáætlunargerð Fjarðabyggðar fyrir árið 2024.

Á íbúáþingi sem haldið var í mars 2022 og markaði upphaf þátttöku Stöðvarfjarðar í byggðaþróunarverkefninu Brothættar byggðar, var mikil umræða um Balann. Niðurstaðan var sú að það er sterkur, sameiginlegur áhugi á því, meðal Stöðfirðinga, að búa til útivistar- og leiksvæði á Balanum, en það málefni var efst á blaði í forgangsöröðun íbúáþingsins.

Balinn er opið svæði í grennd við grunnskólann. Þar er nú sparkvöllur og ærslabelgur, ásamt nokkrum gömlum leiktækjum sem eru frá því að leikskóli bæjarins var á svæðinu. Stöðfirðingar hafa mikinn áhuga á að gera meira úr þessu svæði og búa þarna til fjölskylduvænt svæði með margvíslegum möguleikum til afþreyingar. Um miðjan nóvember síðastliðinn var haldinn íbúafundur þar sem meðal annars var rætt um starfsmarkmið 1.1 í verkefnisáætlun Sterks Stöðvarfjarðar. Fyrirmyndin er Raggagarður á Súðavík.

Í kjölfarið á þessari vinnu fékk Fjarðabyggð verkfræðistofuna Eflu til að teikna upp svæðið eftir hugmyndum íbúa og samþykktu íbúar meðfylgjandi hugmynd.

Íbúar Stöðvarfjarðar eru meðvitaðir um það er á þeirra ábyrgð að leita styrkja og fjármagns til kaupa á leiktækjum og öðru en það þarf að ræða hver skuli bera ábyrgð á landmótun og stígagerð. Við vinnu við fjárhagsáætlunargerð, sem fer nú í hönd, ætti að vera tryggt fjármagn svo að hægt sé að byrja á uppbyggingu á Balanum.

Þetta er langtímaverkefni en á meðan Stöðvarfjörður er að taka þátt í byggðaþróunarverkefninu Brothættar byggðir, þá ætti sveitarfélagið að grípa öll tækifæri til þess að sýna að vilji til uppbyggingar á Stöðvarfirði, er ekki aðeins í orði heldur líka á borði.

Meðfylgjandi er sú hugmynd af uppbyggingu á Balanum sem íbúar samþykktu.

Stöðvarfjörður,
Valborg Ösp Árnadóttir Warén
Verkefnisstjóri Sterks Stöðvarfjarðar

